

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 Borgarnes

Garðabær, 5. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0054
IAS

Efni: Sigmundarstaðir – mælímastur á Grjóthálsi - deiliskipulagslýsing

Vísað er í erindi frá Borgarbyggð frá 21. mars 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagslýsingu vegna tímabundins mælímasturs á Grjóthálsi.

Mastrið verður allt að 98 m hátt, fest með stögum sem ná allt að 60 m frá mastrinu og þeir umhverfisþættir sem fjallað verður um í umhverfismati deiliskipulags eru ásýnd, gróðurfar, jarðfræði og flugumferð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og gerir athugasemdir við að ekki verði fjallað um hugsanlega áhrif á fuglalíf. Hæð mastursins og fjöldi staga út frá því getur skapað áflugshættu fyrir fugla og er mikilvægt að um það verði fjallað, þar með talið vöktun og mótvægisáhrif.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

